



Reykjavík, 14. nóvember 2024
USK24110055

UMSÖGN VIÐ TILLÖGU

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 6. nóvember 2024, var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins: Lagt er til að ráðist verði í viðgerð og endurbætur á steinsteiptum tröppum, sem liggja frá gönguleið milli Fríkirkjuveggar 1 og Mæðragarðsins, upp á Laufásveg. Umræddar tröppur eru brattar og til að draga úr slyshættu af völdum hálfu, er jafnframt lagt til að snjóbræðslukerfi verði sett í tröppurnar eða a.m.k. hluta þeirra.

Tillögunni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 13. nóvember 2024.

Umsögn:

Endurgerð og viðgerðir eru metnar út frá fjármagni til viðhalds á hverju ári, metið með tilliti til umferðar og slysa/tilkynninga ásamt fleiri þáttum, fyrir forgangsröðun. Varðandi snjóbræðslu er þörf á henni metin út frá ýmsum þáttum eins og aðgengi að bakvatni, bratta, aðgengi og fleira. Forgangsráðað er eftir mikilvægi þeirra þátta sem metnir eru.

Framkvæmdin sem tillagan nær til verður metin m.t.t. ofangreinds og forgangsráðað í samræmi við það.

*Umhverfis- og skipulagssvið
skrifstofa framkvæmda og viðhalds*



Reykjavík